

Sp.

71. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um sildarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega hentugt skip til þess að annast sildarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi næsta sumar og fram á haust. Kostnaður við leitina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur aflabresturinn á síldveiðunum síðastliðin sumur komið mjög hart niður á landsmönnum og þá ekki sízt Norðlendingum. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar að tilhlutun ríkisvaldsins til þess að draga úr afleiðingunum, en þær hafa náð skammt til þess að bæta tjónið. Ber því að leggja höfuðáherzlu á að leita sildarinnar og ná til hennar með hentugum veiðitækjum. Skiptir miklu fyrir þjóðarheildina, að unnið sé markvisst að því, að árangur náist í þessum efnum, og eðlilegt, að ríkisvaldið hafi þar forustu og fyrirgreiðslu.

Norðmönnum hefur gengið vel á síldveiðum undanfarandi ár, bæði heima fyrir og hér við strendur landsins. Er vitað, að aflabrögð Norðmanna hér við land í sumar voru góð, enda mun hafrannsóknaskip þeirra, sem fylgdi sildarflotanum, hafa látið honum í sé ómetanlegar upplýsingar um göngu sildarinnar og annað, sem nauðsynlegt er fyrir veiðiskipin að fá vitenskju um.

Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í sambandi við síldveiðarnar undanfarna áratugi. Afkastamiklar verksmiðjur hafa verið reistar. Sama er að segja um margvíslegan undirbúning til að veita síldinni móttöku til söltunar. Þá er og vitað, að um eða yfir 200 fiskiskip hafa stundað síldveiðar fyrir Norðurlandi yfir sumarmánuðina. Því miður hafa þessar bættu aðstæður fyrir síldveiðarnar ekki komið að tilætluðum notum — og má ef til vill segja, að ekki hafi verið gert eins mikið og skyldi til þess að fylgjast með göngu sildarinnar undanfarandi aflaleyssisár, þegar svo reyndist, að hún hagaði göngum sínum öðruvísi en áður.

Margir útgerðarmenn og sjómenn telja, að nauðsyn beri nú til að fá sérstakt skip, búið fullkornustu tækjum, til þess að leita sildarinnar og rannsaka hætti hennar. Þyrfti leitin fyrir Norðurlandi að ná yfir langan tíma, eða allt frá því að vorinu og fram á haust.

Með tillögu þessari er ætlað til, að ríkisstjórnin taki málið að sér og annist framkvæmd þess. — Nánar í framsögu.